

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skatteftirlit og skattrannsóknir.

Frá Helga Hjörvar.

1. Telur ráðherra að aukin framlög til skatteftirlits og skattrannsókna muni skila sér í betri skattheimtu?
2. Eru til rannsóknir, erlendar eða innlendar, sem svara því hvort, og þá hversu miklu, hver króna sem varið er í skatteftirlit og skattrannsóknir skilar í skattheimtu?
3. Hvað telur ráðherra að hægt sé að innheimta mikið af þeim u.þ.b. 80 milljörðum kr., sem talið er að stungið sé undan skatti hérlendis á ári, með hertu skatteftirliti og eflingu skattrannsókna?
4. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til þess að draga úr skattsvikum hérlendis?